

Fornleifarannsókn undir bæjardyrum og göngum í torfbænum í Laufási

Orri Vésteinsson

Fornleifastofnun Íslands

FS110-99231

Reykjavík 2000

Orri Vésteinsson



© Fornleifastofnun Íslands

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Verklag	6
Mannvistarleifar undir bæjardyrum og göngum	6
<i>Rask og mannvistarlög frá 19. og 20. öld</i>	6
<i>Göng</i>	10
Gólf í innsta hluta ganga	10
Gangagólfíð	10
Mannvistarlög og niðurgreftir eldri en göng	12
<i>Bæjardyr</i>	14
Ryk og moldarlög undir gólfborðum	14
Hnullungastétt og yngri gólf	16
Enn eldri torfveggir	19
Brunalag.	20
Niðurstöður og umræða	20
Einingaskrá	26
Gripaskrá	28
Sýnaskrá	33

Myndir

1. Grunnmynd Laufásbæjarins	5
2. Harris matrix af einingum í göngum	9
3. Stoðarholur innst í göngum.	11
4. Mannvirki undir gangagólfí	12
5. Niðurgreftir undir gangagólfí	13
6. Torfhrunlag ofan á óhreyfðu	14
7. Harris matrix af einingum í bæjardyrum	15
8. Hnullungastétt og aðrar leifar af eldra bæjardyrrahúsi	17
9. Eldri torfveggir framan við Bæjardyr	19
10. Langsnið af uppgraftarskurði	aftast
11. Grunnmynd af uppgraftarskurði	aftast


Inngangur

Á undanförnum árum hefur staðið yfir gagnger viðgerð og að hluta endurbygging á gamla torfbænum í Laufási í Eyjafirði. Hluti af þessu verki er að setja upphitun í bæinn og verður farin sú leið að leggja hitablástursrör í gólf bæjarins. Loftið verður leitt um niðurgrafið rör í gólfí ganganna og um greinar út frá því inn í torfveggi milli einstakra húsa. Haustið 1999 höfðu rör þegar verið sett í þá veggi sem þá höfðu verið endurhlaðnir en í hyggju var að leggja aðalrörið um veturinn.

Áður en leggja skyldi rörið fór Þjóðminjasafn Íslands, sem stendur fyrir framkvæmdunum, þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að gerður yrði fornleifauppgröftur á þeim stöðum þar sem skurðurinn fyrir rörinu myndi raska eldri mannvisarleifum. Í þessu skyni var grafinn 22 m langur skurður eftir endilöngum göngum og Bæjardýrum og rúman metra útfyrir bæjarþilið og 2,7 m til norðurs framan við bæjardyrrahelluna. Hitablástursrörið er 25x25 sm að breidd en upphaflega var áætlað að það yrði tvöfalt í Bæjardýrum. Breidd rörsins réð breidd skurðarins en hann var 50-60 sm í göngunum en 75 sm í bæjardýrum. Úr þeim lá skurðurinn í gegnum vegginn undir glugganum sunnan við dyrnar. Fyrir utan var grafið frá gömlum skólplagnaskurði sem liggur að norðurenda bæjardyrrahússins (á móts við snyrtingu sem nú er), til suðurs og svo að húsgaflinum sunnan við dyrnar. Skurðurinn í Bæjardýrunum stefnir beint á dyrnar inn í göngin, liggur 5 sm norðar en í gegnum þær miðjar. Á móts við miðjar dyrnar inn að salerni og Vesturstofu var tekin grunnur skurður undir gólfborðum, sem ekki var hægt að fjarlægja, til að tengja við rör sem þegar hafði verið lagt undir dyrnar suður úr stofunum. Sá skurður var innan við 20 sm djúpur. Grafið var fyrir annari kvísl undir vegginn milli Bæjardýra og Skála og var hún 70 sm innan við bæjardyrabilið. Inni í göngunum var gert ráð fyrir að syðra rörið beygði inn í vegginn milli Skála og Eldhúss en að hitt beygði aðeins til norðurs og lægi eftir miðjum göngum að stað á móts við Búrið þar sem annað gleitt horn verður. Þá er kvísl til norðurs á móts við dyr inn í Brúðarhús og tvær hvor í sína áttina á móts við dyr inn í Eldhús. Kvísl liggur út frá rörinu til suðurs í 3. stafgólfí frá Nýja eldhúsi/Baðstofu og tvær kvíslar til viðbótar liggja til norðurs og suðurs í fyrsta stafgólfí frá Nýja eldhúsi/baðstofu. Skurðirnir fyrir kvíslunum voru 20-30 sm breiðir og allir mun grynnri en aðalskurðurinn.

Skurðurinn þurfti að vera að lágmarki 50 sm djúpur í Bæjardýrum og fremri

hluta ganga en 40 sm í innsta hluta ganganna. Grafið var niður fyrir þessa dýpt en í Bæjardyrum kom í ljós sérkennileg stétt á 30-40 sm dýpi og var ákveðið að rífa hana ekki. Til þess að hlífa henni var hætt við að hafa tvö rör undir Bæjardyrum og verður rörið því aðeins eitt en kvíslar frá því á sömu stöðum og lýst var hér að ofan.



MYND 1. Grunnmynd Laufásbæjarins með uppgraftarskurði merktum inn á. Grunnmynd: Hörður Ágústsson.

Uppgröfturinn stóð yfir dagana 25.-29. október og 2.-3. nóvember 1999 og vann Magnús Á. Sigurgeirsson ásamt höfundi að verkinu fyrstu fimm dagana en Adolf Friðriksson síðan dagspart. Grafarar fengu fæði og gistingu hjá sr. Pétri Þórarinssyni og Ingibjörgu S. Siglaugsdóttur í Laufási og eru þeim færðar bestu þakkar fyrir höfðingsskap og margvíslegan velgjörning. Kristjáni Péturssyni yfirsmið Laufásbæjarins, Þórarni Péturssyni í Laufási og Sveini Sigurbjörnssyni í Ártúni eru einnig færðar þakkar fyrir aðstoð og Guðrún Harðardóttur og Hjörleif Stefánssyni á Þjóðminjasafni fyrir samstarfið. Að uppgrefti loknum sá Sólveig Heiðberg um frágang og skráningu gripa og frumgagna. Dr. Gavin Lucas skoðaði glerbrot og leirkar sem fundust við uppgroftinn og gerði á þeim lauslega greiningu.

Rörið var sett ofan í skurðinn strax eftir að uppgrefti lauk og gengið þannig frá að sýnleg ummerki um uppgroftinn eru lítil sem engin.

Verklag

Innan við Eldhús og Brúðarhús eru dyr í göngunum sem þannig skiptast í tvennt.

Uppgraftarsvæðið skiptist því í fjóra hluta:

- Innri hluta ganga, frá dyrum upp í Nýja eldhús/Baðstofuog að dyrum í miðjum göngum, svæði 1.
- Ytri hluta ganga, frá dyrum í miðjum göngum að dyrum inn í Bæjardyr, svæði 2.
- Bæjardyr, svæði 3.
- Stétt framan við Bæjardyr, svæði 4.

Í innsta hluta ganga var hellustétt [001] og var hún teiknuð og rífin þannig að auðvelt yrði að leggja hana niður aftur með upphaflegu móti.

Í ytri hluta ganga þurfti að taka upp fjórðu stoð frá dyrum inn í Bæjardyr til að grafa fyrir kvíslinni undir vegginn milli Skála og Eldhúss.

Áður en uppgröftur hófst höfðu gólfborð verið tekin upp í suðurhluta Bæjardyra, á móts við dyrnar inn í göngin. Það var eini staðurinn þar sem hægt var að taka borðin upp með góðu móti því annarsstaðar liggja þau undir þilin og hefði því þurft að taka upp allt húsið til að losa um þau.

Byrjað var að grafa innst í innri hluta ganga og síðan haldið frameftir bænum og endað utan við hann. Grafið var eftir einingum, og hver eining teiknuð sérstaklega eftir því sem kostur var, en í jafnmjóum skurði hefur slíkt oft ekki mikla þýdingu. Til eininga er vísað með hornklofum: [008], en sýni eru merkt með S: **S99-007**, og gripir með F: **F99-018**.

Ýmsar takmarkanir fylgja því að grafa innanhúss. Má þar nefna að aðstæður voru ekki góðar til ljósmyndatöku. Þó að notuð væru flöss urðu margar myndirnar heldur dökkar. Ekki var reynt að setja upp hæðamæli og voru dýptartölur miðaðar við skurðbrún á hverjum stað.

Mannvistarleifar undir bæjardyrum og göngum

Rask og mannvistarlög frá 19. og 20. öld

Yngsta mannvistarlagið sem fjarlægt var, var hellulögn í innri hluta ganganna [001]. Undir henni var 7-10 sm þykkt lag af torfi [002] sem sett hefur verið niður þegar

hellulögningin var gerð. Einstakar torfur voru allt að 40x40 sm stórar en að mestu leyti var lagið úr minni sneplum. Eins og stéttin var torflagið aðeins í innri hluta ganganna. Strigapjötlur voru sumstaðar milli torfanna. Í ytri hluta ganganna var um 5 sm þykkt ryklag efst og var það augljóslega torf sem hefur gengist sundur undir fótum manna og orðið að dufti. Það er ungt eins og torflagið undir hellunum og var því gefið sama númer. Í [002] fundust 48 gripir (skráð á 33 númer), mest hvítur jarðleir og postulín. Einnig fannst þar slitur úr dagblaði frá miðri 20. öld (**F99-113**), krítarpípubrot (**F99-105**) af yngstu gerð, frá 19. öld, og brot af Westerwald könnu (**F99-032**) frá seinni hluta 17. aldar. Síðastnefndu fundurinn gæti verið úr [007] og þar með ættaður úr mun eldri lögum.

Undir torflaginu kom í ljós fylling [007] í skurði [006] sem lá eftir endilöngum göngunum og Bæjardyrunum og út fyrir bæinn, víðast 20-30 sm djúpur. Þessi skurður var svotil þráðbeinn og er því norðan við miðju í innri hluta ganganna. Innst í innri hluta ganganna kom því aðeins suðurbrún skurðarins [006] í uppgraftarskurðinn en nær millidyrunum í göngunum féllu skurðirnir nær alveg saman. Yst í ytri hluta ganganna snérist dæmið svo við. Þar kom nyrðri skurðbrún [006] í ljós og í Bæjardyrum var aðeins nyrðri helmingur skurðarins innan marka uppgraftarskurðarins. Á móts við dyraop inn í Eldhúsið kvíslaðist skurðurinn [006] og virðist annar liggja þvert á hann úr Eldhúsinu. Annar kvíslskurður er til norðurs inn í Búr. Skurðurinn [006] var misbreiður. Innan við dyraop inn í Litlustofu er hann einna mjóstur, um 30 sm, með beinum hliðum og sléttum botni en þar vestan við breikkar hann upp í 50 sm og þar eru hliðarnar meira aflíðandi. Við þröskuldinn milli innri og ytri hluta ganga er [006] breiðari en uppgraftarskurðurinn. Breidd skurðarins [006] hefur ráðist nokkuð af því að hann hefur verið tekinn í gegnum mjög verklega grjótlögn (í [017]) í ytri hluta ganganna og hefur greinilega verið reynt að taka sem minnst af þeim steinum.

Fyllingin [007] í skurðinum var úr samskonar efni og hann hafði verið grafinn í gegnum, þ.e.a.s. sama efni og grafið var upp til að gera skurðinn var sett ofan í hann aftur. Engin leiðsla eða annað sem skýrt gæti hlutverk skurðarins kom í ljós. Í fyllingunni voru margir gripir, alls 81, skráðir á 53 númer. Langmest var af unglegum leirkersbrotum (postulín og hvítur jarðleir), nýlegt gler og ýmsir vélsmíðaðir gripir úr málmi. Þá voru tveir múnsteinar (**F99-101, 102**) og sívöl perla úr steini (**F99-108**) meðal funda í þessu lagi. Gripirnir í [007] benda til að fyllingin sé ekki gömul, sennilega frá fyrri hluta 20. aldar, en samanvið yngstu gripina eru eldri (frá 18.-19.

öld?) sem komið hafa úr lögum þeim sem raskað var við gerð skurðarins. Miðað við aldur skurðarins og gerð fyllingarinnar verður að telja líklegast að [006] hafi verið grafinn annaðhvort til að leggja leiðslu sem síðan hefur verið hætt við, eða til að auðvelda framrás vatns úr bænum. Í síðara tilfellinu hefði mátt ætla að grófara efni hefði verið sett í staðinn, en hugsanlega hefur einföld aðgerð sem þessi nægt til að losa um stíflur undir gólfINU.

Eftir að búið var að fjarlægja [002] innst í göngunum kom í ljós mjög hart og þétt móóskulag [003] á tveimur blettum, aðskildir af [006]. Móaskan var bleikyrjótt með votti af viðarkoli og brenndum beinum. Stærri bletturinn var í miðjum göngum framan við tröppu upp í Nýja eldhús/Baðstofu og var hann mjög harður. Minni bletturinn var upp við norðurvegginn í kvíslskurði og var hann mun mýkri og heldur þykkari eða 2-3 sm. Í honum var steinkolsbútur sem sýnir að þetta lag er ekki gamalt. Áþekk lög voru beint undir [002] framar í göngunum. [004] var í tveimur blettum, sunnanmegin í skurði 3-4 m frá skurðenda, en [011] var norðanmegin um 5 m frá skurðenda. Í [011] virtist vera steinkolaaska og þar fannst líka brot af blámáluðum diskum (F99-072) sem er ekki eldri en frá 19. öld.


Þessir blettir eru greinilega allir ungar og er sennilegast að um sé að ræða ösku úr kamínu í Nýja eldhúsi sem hellst hefur niður eða verið sett af ásetningi á gangagólfíð á seinni hluta 19. aldar eða í byrjun þeirrar 20.

Þó að skurðurinn [006] hafi fjarlægt mannvistarlagi niður á 30 sm dýpi og meir í mestöllum uppgraftarskurðinum þá flýtti hann heldur verkinu, því að um leið og hann hafði verið tæmdur var hægt að skoða snið eftir endilöngum skurðinum og átta sig á meginþáttum í skipan mannvistarlagi. Í ljós kom að lögin í göngunum voru alls ólík lögunum í bæjardyrunum. Í göngunum voru þrjú aðalskeið:

- Ung gólf og yfirborðslög í innsta hluta ganga..
- Gólf ganganna, uppsafnað í nokkrar aldir
- Mannvistarlagi og niðurgreftir eldri en göng á þessum stað.

Í bæjardyrum voru fjögur aðalskeið:

- Ryk og moldarlög sem hafa orðið til undir gólfborðum núverandi Bæjardyrrahúss
- Hnullungastétt og yngri gólf í eldra Bæjardyrrahúsi
- Enn eldri torfveggir – elsta bygging á þessum stað
- Brunatalag - frá landnámsöld?



MYND 2. Harris matrix af einingum í göngum

Verður nú þessum skeiðum lýst í öfugri tímaröð, þ.e. yngstu lögnum fyrst. Hafa verður í huga, einkum varðandi eldri leifarnar undir bæjardyrum að erfitt eða jafnvel ómögulegt er að túlka mannvistar�og rétt í svo mjóum skurði, þannig að þau geta lítið annað sagt en um afstæða tímaröð mannvistarлага og mannvirkjaleifa.

Göng

Ung gólf í innsta hluta ganga. Undir móöskulaginu [003] var gólfag [008] sem náði aðeins um 90 sm í vestur frá skurðendanum við tröppu upp í Nýja eldhús/Baðstofu. Þetta var mjög hart, þétt og feitt gólfag, með dálitlu af ösku og brenndum beinum en talsverðu af spreki. Lag þetta var 3-10 sm þykkt og virtist ekki fara undir norðurvegg ganganna en gæti legið undir suðurvegginn. Eins og síðar verður drepið á er margt sem bendir til að gangagólfíð hafi verið stungið út reglulega og er mögulegt að [008] sé leifar af gólfagi sem hefur verið stungið út úr öllum göngunum nema í bláenda þeirra. Annar möguleiki er að [008] sé gólf í húsi við gangaendann sem hefur náð lítið eitt vestar en Nýja eldhús/Baðstofa gerir nú eða gólf úr húsi með moldargólfí á svipuðum stað og núverandi hús, gólfí sem þá hefur teygt sig inn í göngin.


Undir [008] var annað gólfag [012], mjög svipað, en þó mun svartara og nær auk þess mun lengra í vestur, eða tæpa 4 metra frá skurðenda. [012] kom upp í þunnum flögum og í því var mikið af kvistum og smáspýtnabraki, bæði mótaðar spýtur og birkikvistir með berki. Þessar viðarleifar voru allar hálfkolaðar, eins og um þær hefði leikið heitur reykur. [012] er svo eðlilsólíkt aðalgólfinu í göngunum [017] að freistandi er að álykta að það tilheyri húsi við gangaendann fremur en göngunum sjálfum. Það er þó ekki víst, og verður ekki úr því skorið í svo litlum skurði. Á móti því mælir t.d. að [017] nær undir [012] alla leið inn í skurðenda, þannig að göngin hefðu þurft að styttast um 4 m og lengjast svo aftur ef [012] ætti að vera gólf í sérstöku húsi. Líklegast er að sama gegni um [012] og [008] að það sé lag sem hefur orðið eftir þegar göngin voru stungin út.

Gangagólfíð. Undir [012] kom í ljós gólfag, eða safn gólfлага, [017] sem hægt var að rekja göngin á enda og náði víða niður á óhreyfða mold [010]. Það var víðast um 30 sm þykkt, þykkast fremst í göngunum (tæpl. 40 sm) en þynnst innst (10-15 sm). [017] var misjafnlega lagskipt, mest um miðbik innri hluta ganga en í ytri hlutanum

var það nokkuð einsleitt. Í innri hlutanum voru allmög innskotslög, annarsvegar úr torfi og hinsvegar úr viðarkoli og voru þessar linsur víða allþykkar og samfelldar um 1-2 m. Torfið var víðast rauðleitt, 1-2 sm þykkar þökur, en viðarkolalögin gróf með stórum molum (0,5-2 sm). Þessar linsur virðast hafa verið settar á gólf ganganna til að þurrka það eða jafna úr misfellum. Í ytri hluta ganganna hefur verið verkleg stétt í þessu lagi, stórir steinar flatir að ofan, margir 30-40 sm þykkir, svo þykkir að þeir hafa verið reknir niður í óhreyft [010]. Þessi stétt hafði verið rifin upp að stærstum hluta er skurðurinn [006] var grafinn.


Þar sem [017] nær niður á óhreyft er það greinilega eins gamalt og göng á þessum stað. Miðað við endurgerðir Harðar Ágústssonar af húsaskipan í Laufási eftir úttektum voru löng göng utan úr Bæjardyrum komin þegar á 16. öld, og má ætla að neðri hlutarnir í [017] séu svo gamlir. Þar sem megnið af [017] hafði verið fjarlægt við gerð skurðarins [006] var sáralítið skafið upp af því við uppgröftinn. Aðeins þrí hlutir fundust í laginu, vaðmálspjatla (**F99-137**), leðurbútar (**F99-138**) og snúið ullarband (**F99-139**). Þeir segja í sjálfu sér lítið um aldur lagsins – slíkir hlutir geta hafa troðist niður hvenær sem er frá 9. öld til 19. aldar. Þetta fátæklega fundasafn sver sig þó frekar í ætt við elstu lögum sem grafin voru fram við uppgröftinn, en í þeim voru eingöngu munir úr lífrænum efnunum, mest vaðmálsbútar og ullarspottar, alls ólíkt efri lögumnum þar sem mikið var um leirkersbrot og gler en lítið um muni úr lífrænum efnunum.

Það að [017] er ekki nema 30 sm þykkt að jafnaði og hefur þó byrjað að safnast fyrir þegar göngin voru fyrst byggð – á 16. öld eða fyrr – bendir til að mokað hafi verið reglulega út úr þeim. Sennilegt er að stéttin í ytri hluta ganganna hafi átt sinn þátt í því að koma í veg fyrir að gólfhlöturinn hækkaði. Stéttin hefur viljað fara á kaf í mold en þess hefur verið gætt að moka ofan af henni og halda yfirborði ganganna þannig svipuðu, sennilega um aldir.



MYND 3. Stoðarholur innst í göngum.

Eina breytingin sem hægt var að sjá að mögulega hefði verið gerð á lögumnum var að þau gætu hafa verið breikkuð á einhverju stigi málsins. Í kvíslskurðunum innst



MYND 4. Mannvirki undir gangagölf.

í uppgraftarskurðinum komu í ljós grunnar en reglulegar holur, önnur [015] norðanmegin en hin [016] sunnanmegin. Þessar holur voru teknar ofaní [017] en [012] lá ofan á fyllingunum. Fyllingarnar í þeim ([013] og [014]) voru eins, einsleit móaska, sem bendir til að þær hafi verið fylltar við sama tækifæri. Líklegt verður að telja að þessar holur séu undan stoðum í göngunum sem hafa þá verið 10-20 sm mjórri á þessum stað en nú. Í kvíslskurði til suðurs í ytri hluta ganga, á móts við vegg milli Eldhúss og Skála, kom í ljós torfhleðsla [044] undir [017] sem ekki náði norður í aðalskurðinn. Þessi hleðsla gæti verið úr eldri byggingu ótengdri göngunum með öllu, en hún gæti líka verið leifar af gangavegg frá fyrstu tíð ganganna og hefur sá veggur þá verið 30-40 sm norðar en núverandi gangaveggur sunnanmegin.


Mannvistarlög og niðurgreftir eldri en göng. Í botni [006] var víða komið niður á óhreyft en sumstaðar, einkum í innri hluta ganganna sást í mannvirki og

niðurgrefti sem snéru þvert á göngin og tilheyra greinilega eldri byggingarstigum.


Innst í göngunum var komið niður á þrjá steina í röð, sem snéru NNA-SSV. Svo til hornrétt við þá (85° horn) var torfhleðsla sem lá NV-SA en saman mynduðu steinarnir og torfhleðslan brúnir í grunnri gryfju [020]. Fyllingin í þessari gryfju [019] var 8-12 sm þykkt viðarkolalag með votti af brenndum beinum og smávegis járnþjalli. Á milli fyllingarinnar og steinnanna í austurbrún gryfjunnar var moldarlag og gæti það bent til að viðarkolalagið sé miklu seinna til komið og tengist ekki upphaflegu hlutverki gryfjunnar. Til þess bendir og að gryfjan virtist halda áfram undir norðurvegg ganganna en viðarkolalagið hætti um 1 sm frá honum. Líklegast er eða viðarkolin hafi verið sett í gryfjuna til að jafna undir þegar göngin voru byggð á þessum stað. Torfhleðslan og steinaröðin voru sett niður í þétt lag af

torfsambreyskingi [025] sem var ofan í niðurgrefti [050] ofan í óhreyft [010]. Þessi niðurgröftur hafði vesturmörk 2,6 m frá skurðenda og þar austanvið var fyllingin [025] allsstaðar í botni skurðarins.

Annað viðarkolalag [026], líkt [019] en þó meira blandað mold var í skurði [027] sem lá þvert á göngin um 4 m frá skurðenda. Sama gæti átt við á þessum stað að fyllingin hafi verið sett í til að jafna undir er göngin voru byggð og að skurðurinn sjálfur sé eldri. Skurðurinn var um 30 sm breiður og dýpkaði mjög til suðurs á því litla svæði sem til hans sást í skurðinum. Skurðurinn [027] skar í gegnum fyllingu [022] í enn öðrum niðurgrefti [051]. Í skurðinum sást bæði austurhlíð og suðurhlíð á þessum niðurgrefti og snýr hann ASA-VNV. Fyllingarnar [025] og [022] voru ekki grafnar upp og verður því lítið um þær sagt annað en að þær eru að mestu torfefni en engar stórar eða heilar torfur þó. Efnið í þeim er líkt og í lagi sem sást neðst í skurðinum, beint ofan á óhreyfðu [010] yst í innri hluta ganga og innst í ytri hlutnum. Þetta lag [009] var gert úr leirkendu torfi með votti af móösku og viðarkoli. Það var mest 12 sm þykkt en hefur víðast verið skert af yngri lögum og síðast skurðinum [006]. Öfugt við áðurgreind lög var [009] ekki fylling í niðurgrefti heldur virðist það hafa safnast fyrir á jafnsléttu. [009] lá ofan á fyllingu [028] í alldjúpri holu [029] norðanmegin í skurðinum á móts við Búr í innri hluta ganga. Fyllingin [028] virðist hafa verið moð eða hey en grasstilkar og blöð sáust greinilega í kögglum sem upp komu. Þetta efni hefur þó ekki verið sett í holuna allt í einu því þar var lagskipt og var m.a. mjög áberandi grágræn mjúk linsa (S99-003), nálega eins og slím, í holunni neðarlega. Holan var mest 34 sm djúp. Greinilegt er að hey hefur verið geymt í nánd við holuna á þeim tíma sem hún var að



MYND 5. Niðurgreftir undir gangagólfí.



MYND 6. Torfhrunlag ofan á óhreyfðu og undir því holan [029]


fyllast.

Í fyllingunni [028], torfblandlaginu [009] og yngri viðarkolafyllingunum tveimur innar í göngunum, [019] og [026] var talsvert af fundum (alls 28 stk). Allir voru þeir úr lífrænum efnum, mest vaðmálsbútar (einkum í [009]), ullarbönd og leðurpjötlur. Í [019] var auk þess trjábútur (**F99-126**) sem sennilega er afhögg af húsavið.

Mjög lítið verður um þessi mannvirki sagt annað en að þau eru greinilega eldri en göng á þessum stað. Yngstu fyllingarnar [019] og [026] voru sennilega settar til að jafna undir göngin þegar þau voru byggð og gryfjan [020] og skurðurinn [027] eru þá mannvirki sem ekki hafa verið orðin mjög gömul er göngin voru byggð. Öðru máli gæti gegnt um yfirborðslagið [009] og niðurgreftina [029], [050] og [051] og fyllingarnar í þeim. Öll þau mannvirki geta þess vegna verið frá landnámsöld, en engum getum verður að því leitt hvaða hlutverki þau hafa gegnt.

Bæjardyr

Ryk og moldarlög undir gólfborðum. Gólfborðin í Bæjardyrum liggja á plönkum og borðum sem astur liggja beint á moldinni undir gólfinu. Aðeins einn af fimm plönkum lá á flatri hellu. Moldin [021] sem plankarnir liggja á er mjög fíngerð og laus í sér, í raun ekki annað en ryk sem safnast hefur undir gólfborðin. Í þessu lagi var talsvert af gripum, mest glerbrot og leirkersbrot en einnig múnsteinar (**F99-103, 104**), hluti af kvennskó (**F99-127**) og hluti af hverfisteini (**F99-110**) – allt gripir frá 20. öld



MYND 7. Harris matrix af einingum í bæjardýrum

eða síðari hluta 19. aldar.

Undir þessu ryklagi var þéttara lag [030], að mestu úr torfi, en einnig var í því talsvert af kvistum. Torfið var strengur eftir því sem best varð séð og hafði því ekki verið hlaðið heldur lagt eða fleygt í bunka. Lag þetta teygði sig inn fyrir þröskuldinn inn í göngin og sást þar að það lá undir [002] en yfir [017]. Í því voru nokkrir gripir, glerbrot (**F99-023**), tvö leirkersbrot, annað þeirra rauðleir (**F99-082** og **083**) og laglegur tréspaði (**F99-129**). Þetta safn virðist heldur eldra en gripirnir í [021] og gæti bent til miðrar 19. aldar. Má geta þess til að það hafi verið sett þarna 1877 þegar frambærjarhúsunum var rutt burtu – svo notað sé orðalag Harðar Ágústssonar – og hús þau, sem nú eru, reist.¹ Þá gæti hafa þurft að jafna undir nýju bæjardyrahúsi og gömlu torfi fleygt þarna í þeim tilgangi. Eitt er að minnsta kosti víst að aldrei hefur verið gengið beint á þessu lagi, heldur hefur því ávallt verið hlíft af gólfborðum.


Utanvið bæjarþilið er stétt, og er stór hella framan við dyrnar, en undir stéttinni er laus brún mold [045], 5-12 sm þykk. Þetta lag er sennilega púkk undir stéttina frá því að hún var lögð niður með núverandi lagi.

Hnullungastétt og yngri gólf. Undir [030] var komið niður á mjög þétt svargrátt lag [031], 2-4 sm þykkt, með brenndum beinum, birkikvistum og smásteinum. Lag þetta náði frá þröskuldi inn í göng og 3,6 m til vesturs – það hætti sem sagt 1,6 m frá bæjarþili. Lagið er greinilega yfirborðslag og hugsanlega gólf. Í þessu lagi voru nokkrir gripir, mest leirkersbrot (**F99-84-89, 91**), allt hvítur jarðleir, frá 18. eða 19. öld, tvö glerbrot (**F99-024-25**) og krítarpípubrot (**F99-106**) sem sennilega er frá 18. öld. Undir [030] var annað lag [031], ennþá harðara, svarbrúnt með hálfkoluðum birkileifum og trjáflísum. Einnig var samanvið þetta lag talsvert af móosku. Það hafði svipaða útbreiðslu og [030] en náði þó um 1 m skemur í vestur. [031] var víðast þunnt og hafði orðið til ofan á mjög sérkennilegri stétt [040]. Hún er gerð úr láborðum hnnullungum, sem flestir eru 10-15 sm í þvermál. Þessi stétt er 4,1 m löng og náði 85 sm inn í göngin. Eins og [031] og [032] hafði hún verið skemmd er skurðurinn [006] var grafinn. Í miðju stéttarinnar, 1,6 m frá hvorum enda hennar, var 10-15 sm djúp en regluleg dæld í hana á 1 m bili. [032] hafði sléttfyllt þessa dæld en í sniðinu sáust holur eftir 5-7 sm breiðar spýtur sem reknar höfðu verið niður þétt við brúnir

¹ Hörður Ágústsson: 'Íslenski torfbærinn.' *Íslensk þjóðmenning I. Uppruni og umhverfi*, Reykjavík

dældarinnar sitt hvoru megin ([035] austanmegin og [037] vestanmegin). Spýturnar hafa annaðhvort verið reknar niður í gegnum [032] eða - sem líklegra er – að þær hafa staðið upp úr stéttinni á meðan að [032] var að myndast, en verið teknar áður en [031] myndaðist. Hnullungastéttin endar að vestan 2,2 m innan við núverandi bæjarþil, en [031] nær um 40 sm lengra í vestur. Þar leggst það yfir þunna (1-2 sm) móöskulinsu [038] sem aftur liggur ofan á gólfagli [041] sem virðist vera í framhaldi af hnullungastéttinni þó það liggi ívið lægra (5 sm).

Móöskubletturinn [038] hefur orðið til á gólfí, en samanvið öskuna var talsvert af viðarkoli, trjáspænum og kurli og vottur af brenndum beinum. Auk þess fannst þar rúðuglerbrot (F99-026) og leirkersbrot (F99-090) sem tæplega er mikið eldra en frá seinni hluta 18. aldar. [041] var mjög blandað en hart troðið og því greinilega gólf. Í því var áberandi mikið af möl (3-8 sm) og dálítið af sandi, mikið af ösku, trjákurli og torfsneplum og vottur af viðarkoli og brenndum beinum. [041] nær 1,1 m lengra í vestur en hnullungastéttin og endar við stein sem myndar aftur austurmörk á allt að 40 sm þykku blandlagi [039] sem nær út fyrir bæjarþilið og raunar vestur fyrir skurðinn sem tekinn var utanvið. [039] ber sennilega að túlka sem bæjarfor, það er mjög misþétt í sér, að mestu mold en stórir torfkögglar samanvið og mikið af ösku (>20 %) og trjákurli (>5 %) og



MYND 8. Hnullungastétt og aðrar leifar af eldra bæjardyrahúsi.


vottur af viðarkoli. Tunga úr sama eða svipuðu efni leggst yfir [041] austan við áðurnefndan stein. Gripir í [039] sverja sig fremur í ætt við eldri lögum sem í ljós komu við uppgröftinn. Þar voru engin leirkersbrot, en 4 glerbrot (F99-027), járnhlutur (F99-100), fiskisleggja (F99-112) og nokkrir vaðmálsbútar (F99-147, 148) og ullarband (F99-149).

Þessi lög sem hér hefur verið lýst virðast öll vera frá sama byggingarstigi, sennilega forvera bæjardyrahúss þess sem reist var 1877. Það gæti verið mjög forn að stofni til, þess vegna frá miðöldum. Að þetta sé bæjardyrahús helgast fyrst og fremst af því að hvergi sér merki um torfvegg sem vesturvegg í húsinu, heldur tekur bæjarforin beint við af skýrum gólfloögum. Mögulega má líta á bilið milli vesturmarka [041] og vesturenda hnnullungastéttarinnar, 1,1 m breitt, sem dyraop á torfvegg sem þá væri að finna spölkorn norðan og sunnan við uppgraftarskurðinn. Það gæti skýrt hina sérkennilegu dæld í miðri hnnullungastéttinni. Þó hún sé ekki djúp er hún mjög regluleg, hún er nákvæmlega í miðju stéttarinnar og spýturnar (stoðirnar?) við brúnir hennar styðja að um vísvitandi mannvirki sé að ræða. Dældin kemur illa heim við hús sem snúið hefur A-V en mun betur við hús sem snúið hefur N-S og hefur dældin þá verið eftir því endilöngu. Slíkt hús kemur best saman við Skálann eða kannski frekar að Bæjardyrnar hafi verið burðarlegt framhald hans, að þær hafi í raun verið hús sem snéri N-S með dyrum á sem þá hafa ekki verið lengri en 1,1 m. Hnnullungastéttin og yngri gólfög ofan á henni væru þá leifar af fremsta hluta skálans, andyris, en [038] og [041] væru gólf í dyrunum sjáfum. Um þetta verður þó lítið fullyrt útfrá jafn lítilfjörlegum leifum eins og þeim sem sást í haustið 1999.

Undir [041] var hellustétt [043], að vísu aðeins þrjár hellur, en svo sléttar og reglulega lagðar að ekki er hægt að efast um að að þær hafa verið lagðar í gólf. Þær eru í áðurnefndu dyrabili, en eru 10-15 sm dýpri en hnnullungastéttin og hljóta því að tilheyra eldra byggingarskeiði en hún, án þess að það hús þurfi að hafa verið öðruvísí að stærð eða lögun. Miðað við gripina sem fundust í [031] – engir gripir voru í [032] – er ekki ólíkleg ágiskun að hnnullungastéttin hafi verið gerð á 17. öld. [017] leggst ofan á hana en bótn þess lags er um 10 sm lægri en stéttin og er hún því sennilega allnokkru yngri en elsta gerð ganganna. Milli [017] og hnnullungastéttarinnar var líka graftarlag [018], moldarsambreyskingur, og í honum m.a. tvö rauðleirsbrotnar (F99-081) 18. aldarleg og vaðmálpjatla (F99-140). Hnnullungastéttin getur því varla verið mjög ung heldur og er 17. öld þá besta málamiðlunin. [032] er greinilega gólf sem orðið hefur til eftir að hnnullungastéttin var lögð en meðan enn var gengið á henni. Steinarnir

standa víða upp úr gólfaginu, einkum í austur- og vesturenda. [031] er ekki eins afdráttarlaust gólf og gæti hafa safnast upp á einhverju stigi málsins þegar húsið var lítið notað.

ENN ELDRI TORFVEGGIR. Aðeins var grafið niður á [040] en ákveðið var að rífa stéttina ekki og því verður lítið sagt um hvað undir henni er. Vestan við hana var grafið niður á stéttina [043] en hún lá ofan á torflagi [033] sem hægt var að rekja rétt útfyrir bæjarþilið. Þetta var mjög mjúkt en þétt, dökkbrúnt torf sem lá slétt undir bæjarforinni [039], hellustéttinni [043] og gólfinu [041]. [006] skar ofan í það um 10 sm en allsstaðar þar sem borað var niður úr botni skurðarins var komið niður á steina á 20 sm dýpi. Lagið virðist því vera um 30 sm þykkt. Þó að ekki sæjust merki um reglulegar hleðslur í þessu lagi var það nógu þétt og einsleitt til að geta verið veggur og gætu þá steinarnir undir verið fótur undir þá hleðslu, þó auðvitað geti þeir líka verið eitthvað allt annað. Torfið [033] endaði til vesturs svotil beint undir bæjarþilinu. Þar lagðist það upp að reglulegri vegghleðslu [047], mjög þéttri úr ljósbrúnu torfi. Ofan á þessari hleðslu – milli hennar og forarinnar [039] – var þunnt viðarkolalag [046] sem nær greinilega vesturfyrir vegginn [047]. Þetta lag var 0,5-1,5 sm þykkt og var úr hálfkoluðu birki, smátt kurluðu, áþekku því sem fannst í [012] og [031], en augljóslega miklu eldra. Lag þetta myndar skýr skil milli torfveggjarins [047] og forarinnar [039] og má líta á það sem grundvöll hennar, þ.e. að það hafi verið lagt niður þegar jafnað var úr byggingum þeim sem [033] og [047] tilheyra og bæjardyrnar með hnnullungastéttinni byggð.



MYND 9. Eldri torfveggir framan við Bæjardyr.

Torfveggurinn [047] situr í niðurgrefti [049] og er ljóst að verulegur niðurgröftur er niður í óhreyft [010] undir bæjardyrunum öllum. Miðað við yfirborð

[010] í göngum– sem örugglega er ekki upphaflegt yfirborð – og utan við bæjarþil, er niðurgröfturinn undir bæjardyrum a.m.k. 30 sm djúpur og eflaust meira.

Lítið verður um þessar veggjaleifar sagt annað en að þær eru klárlega mun eldri en bæjardyrnar með hnnullungastéttinni og tilheyra byggingum sem hafa verið öðruvísi a stærð og lögun. [033] er yngri en [047] en óhægt er að segja um hvort þar munar árum eða öldum.

Brunalag. Skurðurinn [049] er tekinn í gegnum brunalag [048] sem liggur beint ofan á óhreyfðu [010]. Yfirborð [010] er á þessum stað mun grófara en inni í göngunum, með hvössum steinflísum í finni rauðgulri mold. Í göngunum var gjóskulagið H3 víða efst í [010] og er sennilegt að þar hafi upphaflega verið hærra undir en framan við bæinn, að bærinn sé byggður framan í aflíðandi brekku eða hólbungu, meira afgerandi en nú sést. Brunalagið [048] er innan við 1 sm þykkt, gert úr sóti og kolbrunnu birki. Freistandi er að álykta að lag þetta sé frá því að skógur var fyrst brenndur í Laufási og rjóður gert til að byggja bæinn.

Niðurstöður og umræða

Eins og áður hefur verið bent á er ekki hægt að ætlast til að jafnmjór og grunnur skurður og sá sem grafinn var í gegnum bæjardyr og göng í Laufásbænum haustið 1999, getið gefið skýra mynd af eldri mannvirkjum eða byggingarsögu bæjarins. Þó hafa með þessum uppgrefti fengist mikilvægar vísbendingar sem að varpa ljósi á sögu bæjarins og munu koma að gagni við frekari rannsóknir.

Fyrst ber að telja þau skýru skil sem eru á eldri og yngri lögum hvað varðar gripi sem í þeim hafa varðveist. Í yngri lögunum – frá 18. og 19. öld – eru gler- og leirkersbrot ráðandi, í svo miklu magni raunar að þau gætu verið grundvöllur undir rannsókn á lífskjörum efri stétta á Íslandi á 19. öld, þ.e. að því marki sem þau endurspeglast af aðgangi að erlendum varningi. Það var á þessu tímabili sem grunnurinn var lagður að íslensku neyslusamfélagi og væri mikilsvert að skilja betur hvernig hinir fyrstu neytendur hegðuðu sér.

Í eldri lögunum eru gripir úr lífrænum leifum allsráðandi, einkum vaðmálstæjur og ullarbönd. Varðveisla þessara efna er frábær og eykur það mjög á gildi Laufáss sem rannsóknarstaðar. Hinsvegar var varðveisla beina mjög léleg –

engin sein fundust önnur en þau sem höfðu lent í eldi. Athygli vekur einnig að lítið var um gripi úr járni í eldri jafnt sem yngri lögunum, og er gripasafnið að þessu leyti anómálískt miðað við aðra uppgrefti á Íslandi.

Mikið var af viðarkurli í mörgum lögunum, bæði hálfkoluðu birkispreki og tálguðum spýtum. Þessar viðarleifar voru ávallt mjög sótugar og er einsætt að þær séu komnar úr tróðþökum.

Ekkert kom fram sem raskar þeiri mynd sem Hörður Ágústsson hefur brugðið upp af þróun torfbæjarins í Laufási frá því á 16. öld.² Hvergi sást að göngin hefðu verið stytt eða lengd svo um munaði, fyrir utan að hellustétt í eldri Bæjardyrum nær um 1 m lengra í austur en núverandi Bæjardyr. Göngin hafa ekki heldur skipt um stefnu svo um munar. Einasta er mögulegt að þau hafi verið ívið mjórri á einhverju eldra stigi málsins, og hefur það þó ekki munað meir en 20-30 sm. Ekki er útilokað að gólf sem í ljós komu í innsta hluta ganganna séu úr húsi eða húsum við endann á göngunum þegar þau voru styttri, en líklegra verður að telja að um sé að ræða gólf sem myndast hafa í göngunum en verið stungin burt allsstaðar nema í enda þeirra.

Göngin voru byggð í öndverðu á óhreyfðri mold. Það þýðir að aðrar og eldri byggingar hafa ekki verið fyrir þegar þau voru reist. Ætla má að sama gildi um flest þau hús sem göngin liggja að. Ekki var hægt að sjá að göngin hefðu verið lengd á einhverju stigi málsins og þó að ekki sé víst að ummerki um slíkt myndu endilega sjást verður að reikna með þeim möguleika að göngin og öll húsin sem þau leiða til hafi verið lögð út og byggð í einu. Með öðrum orðum getur verið að ekki hafi verið um hægfara þróun að ræða þar sem húsum var smátt og smátt bætt aftan við bæjarhúsaþorpið, heldur hafi allt að þrjár raðir af bakhúsum verið byggðar í einu. Einna helst mætti skoða torfhrunlagið [009] sem merki um göngin hefðu í fyrstu aðeins náð út að dyrum inn í Eldhús og að innri hlutinn sé þá yngri.

Hægt væri að skera úr um hvenær innri hluti ganganna var byggður með því að aldursgreina viðarkol úr púkklaginu [019].

Í innri hlutanum komu í ljós niðurgreftir með torffyllingum undir gangagólfinu en ekkert verður sagt að svo stöddu um tilgang þeirra eða aldur, annað en að ekki virðist vera um að ræða byggingar sem hafa staðið þegar göngin voru byggð.

Sá reginmunur er á göngum og Bæjardyrum að mannvistarleifar á síðarnefnda svæðinu eru mun dýpri. Þær sitja í niðurgrefti sem hefur verið gerður mjög snemma,

² Hörður Ágústsson: ‘Íslenski torfbærinn.’ s. 264-75.

hugsanlega þegar á landnámsöld og er a.m.k. 30 sm djúpur. Á þessu svæði fundust ummerki um eldra Bæjardyrähús með mjög sérkennilegri hnullungastétt, sem var heldur vestar en núverandi Bæjardyr, og gæti hafa snúið norður-suður. Stétt sem þessi hefur ekki komið í ljós við uppgrefti á Íslandi fyrr. Hún minnir frekar á steinlagt stræti í erlendri stórborg en gólf í íslenskum torfbæ og hlýtur að hafa verið óþægilegt að ganga á henni, einkum á mjúkum sauðskinnskóm. Stéttin er hvorki elsta né yngsta gólfíð í þessu eldra bæjardyrähúsi og verður að telja líklegt að það hafi verið með sama formi um aldir. Þess er getið til að þetta eldra Bæjardyrähús hafi verið það sem rifið var 1877 þegar núverandi hús var reist og gæti það þessvegna hafa haft óbreytt form síðan á miðöldum.

Undir eldra Bæjardyrähúsini sást í leifar tveggja veggja, og er sá eldri hlaðinn utan í niðurgröft sem sker brunalag ofan á óhreyfðri mold. Brunalagið gæti verið frá því að skógur var fyrst ruddur í Laufási og er niðurgröfturinn og torfhleðslan tæplega miklu yngri. Hægt væri að skera úr um aldur brunalagsins með því að aldursgreina viðarkolasýni úr því.

Þó að uppgröfturinn hafi hvergi verið djúpur sjást þó merki um elstu og yngstu byggð í Laufási í sniðunum. Þetta er hiklaust merkilegasta niðurstaða uppgraftarins. Það er beinlínis ótrúlega grunnt niður á óhreyft undir torfbænum í Laufási og er það mjög ólíkt öðrum íslenskum torfbæjum sem rannsakaðir hafa verið, t.d. Stórborg eða Bergþórshvoli. Búast hefði mátt við að mannvistarlög á bæ með jafnlanga sögu væru vel á þriðja metra en í staðinn eru þau innan við hálfan. Að vísu er gólf ganganna allt að 40 sm lægra en gólf húsanna sem þau leiða til, t.d. Brúðarhúss og Litlu stofu, og má af því áætla að þykkt mannvistarлага undir bænum sé að jafnaði tæpur metri, en það er samt mun minna en búast mætti við.

Ljóst er að Laufásbændur hafa verið duglegir að stinga út úr göngum sínum. Grjótlögn eins og sú sem var í ytri hluta ganganna og timburgólf eins og í Bæjardyrum ýta sennilega mjög undir að menn haldi yfirborði gólfra sinna í skefjum, en það eitt getur hinsvegar ekki skýrt hversvegna upphleðsla mannvistarlagra er svo lítil sem raun ber vitni. Uppgröfturinn á Stórborg sýndi að bæjarhólar eru fyrst og fremst gerðir úr veggjaefni, torfi og fyllingarefninu, en líka að moldargólf geta orðið mjög þykk – allt að 1 m – ef húsin eru notuð lengi. Samkvæmt þessu hlaðast bæjarhólar þeim mun hraðar upp sem húsin eru oftar umbyggð og veggir endurhlaðnir. Ýmsar skýringar á því að þetta gerðist ekki í Laufási – a.m.k. í ólíkt minna mæli en á sunnlensku bæjunum – má setja fram.

Það er gömul viska að sunnlenska torfbæi hafi þurft að endurbyggja mun oftar en þá norðlensku og hefur það verið rakið til þess að úrkoma er verulega minni norðanlands en sunnan. Norðlenskar torfhleðslur eiga að geta enst í um 100 ár á meðan þær sunnlensku þurfa umbyggingu eða gagngera viðgerð á 50 ára fresti eða minna. Mögulegt er að þessi munur einn og sér nægi til að skýra að ekki hefur myndast bæjarhóll í Laufási. Þó er það ekki líklegt. Til dæmis má nefna að miðað við að elstu leifar á Stóruborg séu frá um 1100 þá hefur 41 sm bæst við hólinn þar á meðaltali á hverri öld. Ef miðað er við að umbyggingartíðin í Laufási hafi verið helmingi minni, eða 20 sm á öld, þá ættu mannvistarleifar þar að vera að minnsta kosti 2 m þykkar. Það virðist því koma fleira til.

Það er í raun nokkur einföldun að segja að bæjarhólar hlaðist fyrst og fremst upp vegna þess að torfveggir séu endurbyggðir. Þegar torfveggur er endurbyggður þá er vel hægt að rífa hann og byggja upp að nýju án þess að grundvöllurinn hækki neitt. Það að grundvöllurinn hækkar hlýtur að stafa af því að það sem í kringum vegginn er, þ.e. gólf innanhúss, haugar eða annað utanhúss, hefur hækkað frá því veggurinn var fyrst byggður. Veggurinn er þá aðeins rifinn niður á það yfirborð en ekki sinn upphaflega grundvöll og byggður upp á nýtt kannski 10-30 sm hærra en forverinn. Veggjaefnið er þannig mest að rúmmáli af efni því sem bæjarhólar eru gerðir úr, en veggjaendurhleðslan er ekki í sjálfu sér meginástæðan fyrir upphleðslunni.

Í þessu samhengi má skjóta því að, að eiginleikar torfsins sem notað er á hverjum stað hljóta að hafa sitt að segja. Á Stóruborg var torf og fyllingarefni allt mjög leirkennt, efni sem fljótt varð að drullu er það blotnaði. Slikt efni sígur eða beinlínis lekur þegar það blotnar og hljóta veggirnir á Stóruborg því að hafa krafist stöðugs viðhalds. Ekki einasta veldur þetta því að veggirnir hafa þurft viðgerð oftar heldur hefur veggjaefnið haft meiri tilhneigingu til að safnast fyrir á gólfum eða utanvið húsin. Leirkennt veggjaefni getur þannig valdið því að gólf hlaðast upp hraðar en ella.

Annað sem hugsanlega getur haft áhrif er öskuframleiðsla. Gólf í íslenskum torfbæjum eru að uppistöðu gerð úr ösku, mó-, torf- og viðarösku. Mold sem berst inn á skóm manna eða hrynr úr veggjum er oftast mun minni í hlutfalli. Eftir því sem öskuframleiðslan er meiri ættu gólfin því að hlaðast upp hraðar. Margt kemur til í þessu samhengi en lítið er vitað um flest, eins og t.d. að hversu miklu leyti menn reyndu að hita upp bæi með því að brenna eldsneyti og hvort héraðsmunur gat verið á því. Hitt er nokkuð ljóst að mun meiri aska fellur til þar sem torf og mór er helsta

eldsneytið en þar sem viður og/eða viðakol eru aðaleldsmatur. Þetta er sennilega eitt af því sem aðskilur Bergþórshvol og Stóruborg frá Laufási. Sunnlensku bæirnir eru á votlendissvæðum þar sem langt hefur verið í skóg en góður aðgangur að veltu og mótki, á meðan Laufásbændur hafa átt stutt að sækja í skóginn.

Þessi atriði skipta sennilega öll máli en þau skýra ekki af hverju sunnlensku bændurnir voru jafnódiglegir við að stinga út úr húsum sínum og raun ber vitni. Það að þeir leyfðu gólfunum að hlaðast upp á miðja veggi hlýtur að hafa verið út af því að engin knýjandi ástæða var fyrir þá að standa í lýjandi mokstri. Þetta leiðir hugann að trégrindinni. Ef tréverk í torfhúsi er ekki annað en stoðir undir þakinu þá er kannski ekki stórmál að taka þær upp í hvert skipti sem torfveggir eru endurhlaðnir og þá er ekki ástæða til að gera veður út af því þó gólfín hlaðist upp. Eftir því sem tréverkið er íburðarmeira þeim mun meiri ástæða hlýtur að vera til að varðveita það á sínum stað. Bæði er að ef gólfín fara að leggjast á aursyllur og þil þá aukast líkur á að þau fúni. Eins liggar meiri fjárfesting í þiljuðum húsum sem eðlilegt er að menn hafi reynt að láta endast sem lengst. Alþiljað hús hefur því haft þau áhrif að menn hafa frekar reynt að halda gólfum í skefjum og hlaðið torfveggi upp frá grunni. Ekki þarf að spyrja að því að þar sem trégólf hafa verið í húsum þá hefur þetta vandamál ekki komið til og þar sem slík hús stóðu um aldir hafa bæjarhólar síður myndast.

Á Stóruborg varð hvergi vart við að trégólf hefðu verið í húsunum en í Laufási hafa frá því á 16. öld að minnsta kosti alltaf verið nokkur hús bæði alþiljuð og með trégólfum. Sennilegt er að í þessu samhengi hafi skipt máli hversu vel var vandað til hinnar fyrstu smíðar. Ef stór hluti húsa í bæ hefur verið þiljaður og með trégólfum, viðirnir góðir og smíðin vönduð, þá er líklegt að viðgerðir hafi verið gerðar þannig að sem minnst væri raskað við hinu upphaflega tréverki. Þar sem tréverkið var óvandað og/eða einfaldlega lítið að umfangi þá hefur litlu eða engu máli skipt að viðhalda upphaflegri gerð og þar af leiðandi engu munað þó að gólfín hlæðust upp.

Til þessarar sögu má einnig nefna að endurbyggingar er ekki alltaf gerðar bara af því að viðhald krefst þess, né er alltaf ráðist í viðhald þó brýn nauðsyn sé á. Almennt verður að telja að leiguliðar hafi haft minni ástæðu til að sinna öðru en brýnasta viðhaldi og sama máli gæti gegnt að vissu marki með lénspresta eins og í Laufási. Þó að þar hafi lengi setið hefðarprestar þá hafa þeir varla haft ástæðu til að fjárfesta í miklum húsabótum, enda gátu þeir ekki ætlast til að slík fjárfesting nýttist afkomendum þeirra. Þetta á einkanlega við ef bærinn var vel byggður í öndverðu og ekki hefur annað þurft en lágmarksviðhald til að viðhalda virðuleika prestanna. Á

Stóruborg bjuggu stórbændur fram á 16. öld og eftir það leiguliðar í betri bænda tölu. Vel má hugsa sér að stórbændur hafi öðrum fremur þurft að sýna stórhug sinn, dáð og ríkidæmi, með því að endurbyggja bæi sína að öllu leyti eða hluta, oftar en aðrir þjóðfélagshópar.

Hér hafa verið nefndar ýmsar ástæður þess að miklu getur munað á því hvort byggingaleifar hlaðast upp á bæjarstæðum eða ekki. Veðurfar, byggingarefni, eldsneyti, byggingarlag og félagsleg staða eru allt þættir sem geta haft áhrif á myndun bæjarhóla. Samanburðarstaðirnir eru fáir, aðeins úr tveimur landshlutum og auk þess allir á jörðum sem eru yfir meðallagi að dýrleika. Af þeim sökum verður fátt fullyrt um þetta efni en ljóst að mikið rannsóknarefni býður fornleifafræðinga á þessu sviði.

Einingaskrá

- 001 Hellulögn í innsta hluta ganga (sv. 1), 8,5 m löng, 50-70 sm breið
002 Torf undir hellulögn [001] á sv. 1 og ryklag á yfirborði á sv. 2
003 Bleik, mikið blönduð móaska með viðarkolum og brenndum beinum á bletti innst í göngum, nær 55 sm í vestur frá skurðenda, sv. 1. Skorið af [006]
004 Móöskublettur sunnan megin í göngum, skammt austan við op inn í litlustofu, sv. 1.
005 Ekki notað – reyndist sama og [007]
006 Skurður eftir endlöngum göngum og bæjardyrum
007 Fylling í [006], mjög laust blandað efni með stórum torfum í
008 Mjög hart gólf undir [003] í tveimur innstu stafgólfum á sv. 1. Skorið af [006]
009 Dökkgrátt, hart, feitt mannvistarlag á blettum fremst á sv.1 og innst á sv. 2. Í laginu fannst talsvert af vaðmálspjötlum.
010 Óhreyft undir mannvistarlagum. H3 eða H4 sést ofarlega í þessu lagi innarlega á sv. 1, þar sem [050] og [051] skera það. Á Sv. 1 og 2 er [010] mjúk fín rauðleit mold en á sv. 4 er talsvert af smágrjóti í moldinni, og er hún þar meira eins og jökulruðningur. Skorið af [049] rétt utan við bæjarþil og sést hvergi í [010] undir bæjardyrum. Lagið hverfur undir [018] og síðan [007] rétt austan við dyr inn í göng. Líklegt er að allsstaðar sé niðurgrafið og mest undir bæjardyrum.
011 Móöskulag, norðanmegin í skurði á sv. 1, á móts við búr.
012 Svart, þétt gólfflag undir [008] í innst á sv. 1, norðanmegin í skurði. Fjarar út á móts við op inn í litlustofu. Í þessu lagi var mikið af spreki, kvistum og berki, hálfkolað. Skorið af [006].
013 Móöskufylling í holu [016]
014 Móöskufylling í holu [015]
015 Grunn hola norðanmegin í göngum á sv. 1, um 80 sm frá skurðenda
016 Grunn hola sunnanmegin í göngum á sv. 1, um 80 sm frá skurðenda
017 Yfirborðslag í gögnum, safnlag, á köflum lagskipt, einkum um miðbik sv. 1, en annarsstaðar einsleitt þétt gólfflag. Linsur (einkum innst) eru annarsvegar úr torfi og hinsvegar viðarkoli. Skorið af [006]
018 Þunnt, mikið hreyft, feitt, grábrúnt lag vestast á sv. 2. Undir [017], og er skorið af [006] bæði að norðan og vestan. Virðist yngra en [040]. Í þessu lagi fundust tvö rauðleirsbrotr.
019 Fylling í reglulegri gryfju [020], nær eingöngu viðarkol og sprek, blönduð mold (<10 %) og brenndum beinum (0,5 %).
020 Torfhleðsla og grjótröð sem myndar horn innst í skurði á sv. 1, snýr SA-NV. Fyllt af [019] en grafið ofan í [025]
021 Yfirborð undir gólfjólum í bæjardyrum, sv. 3. Samansafnað ryk og mold sem troðist hefur niður um gólfjalirnar. 12-16 sm þykkt, 5,4 m langt, sennil. jafnbreitt og bæjardyrnar. Í þessu fiskisleggja, postulín, múrsteinar og kvarnarsteinn.
022 Flekkottur torfsambreyskingur í niðurgrefti [051] á sv. 1. Ekki fjarlægt nema að litlu leyti, virðist líkt efni og í [009] en blandaðra. Skorið af [027].
023 Móöskufylling í [024]
024 Hola í [017], sést í norðursniði á móts við búr, sv. 1.
025 Torfsambreyskingur líkur [022] og [009], undir [020] innst á sv. 1, ofaní niðurgrefti [050].
026 Fylling í mjóum skurði [027], nær eingöngu viðarkol, svipuð [019]

- 027 Skurður þvert yfir göng á sv. 1. Sker [022]
028 Fylling í [029], moð og hey, lítillega lagskipt.
029 Djúp hola grafin ofan í [010] á sv. 1, á móts við vesturenda búrs.
030 Torflag undir [021] í bæjardyrum, skorið af [006]
031 Hart feitt lag undir [030], yfirborð?, yogra en [040] en fylgir því.
032 Gólf undir [031], yfir hnnullungastétt [040]
033 Torfhrun vestast á sv. 3. Mjög mjúkt dökkbrúnt torf undir hellulögninni [043] en yfir torfveggnum [047]. Sést á um 1,20 m kafla undir bæjarþili og innan við það. [006] sker ofaní þetta lag um 10 sm. Borað var frá því yfirborði á nokkrum stöðum og var allsstaðar komið niður á Stein á nákvæmlega 20 sm dýpi.
034 Fylling í holu [035]
035 Hola tekin ofan í [032], austari af tveimur
036 Fylling í holu [037]
037 Hola tekin ofan í [033], vestari af tveimur
038 Móöskublettur á sv. 3, vestan við hnnullungastétt [040], yngri en hún.
039 Blandlag (mold, torf, aska, sprek), á sv. 4 og vestast á sv. 3, yfir [033], [041] og [046]
040 Hnnullungastétt undir gólfí [032] á sv. 3
041 Gólf austan við hnnullungastéttina [040] og sennilega eldri en hún
042 Leir og grjótblettur milli [039] og [033]
043 Þrír flatir steinar ofan á [033], undir [041], mögulega stétt.
044 Torfhleðsla undir [017] í suðurhluta ganga á sv. 2 (í skurði í átt að eldhúsi). Gengur undan veggħleðslunni og hallar inn að miðjum göngum. Ofan á [010] og hallar yfirborð þess einnig inn að miðju ganganna.
045 Brún fin mold undir bæjarstétt á sv. 4
046 Hálfkolað lag á milli [039] og [047] á sv. 4
047 Torfhleðsla undir [033] og [046] á sv. 4.
048 Brunalag, viðarkol, ofan á óhreyfðu [010] á sv. 4
049 Skurður ofan í óhreyft [010], liggar N-S um 40 sm vestan við bæjarþil á sv. 4. Torfhleðslan [047] er ofan í þessum skurði.
050 Skurður ofan í óhreyft [010], liggar N-S þvert yfir uppgraftarskurð innarlega á sv. 1. [025] er ofan í þessum skurði
051 Skurður ofan í óhreyft [010], liggar NNA-SSV þvert yfir uppgraftarskurð, rúmlega 1 m vestan við [050] á sv. 1. Fyllingin í þessum skurði er [022], en hún er aftur skorin af [027].

Gripaskrá

- F99-001:** Lyfjaglas, dökkgrænt gler, mest 12 sm. Fannst 02/11/99 í [002], á svæði 2.
- F99-002:** Glerbrot. Glært, áletrað ..ISIRH 8, mest 4,5 sm. Fannst í [002], á svæði 1.
- F99-003:** Glerbrot. 2 stk. Ljósgrænt gler, mest 3,2 sm. Fannst í [002], á svæði 1.
- F99-004:** Glerbrot. 2 stk. Dökkgrænt gler, mest 3,4 sm. Fannst í [002], á svæði 1.
- F99-005:** Glerbrot. Glært gler, mest 5,5 sm. Fannst í [002], á svæði 1.
- F99-006:** Glerbrot. Glært gler, mest 5,7 sm. Fannst 02/11/99 í [002], á svæði 2
- F99-007:** Glerbrot. Flóskuháls, ljósgrænt gler, mest 7,5 sm. Vín eða bjórflaska? Fannst 27/10/99 í [007], á svæði 2.
- F99-008:** Glerbrot. Dökkbrúnt, þykkt gler, mest 3,4 sm. Fannst 27/10/99 í [007], á svæði 2
- F99-009:** Glerbrot. Hálfur stútur, dökkgrænt gler, mest 2,5 sm. Fannst 27/10/99 í [007], á svæði 2
- F99-010:** Glerbrot. Ljósgrænt, þykkt gler, mest 2,6 sm, Fannst 27/10/99 í [007], á svæði 2
- F99-011:** Glerbrot. 7 stk. Ljósgræn brot, mest 3,7 sm. Fannst 27/10/99 í [007], á svæði 2
- F99-012:** Glerbrot. Grænt gler, mest 10,5 sm. Vínlaska? Fannst 27/10/99 í [007], á svæði 2
- F99-013:** Glerbrot. Glært, mest 2,2 sm. Fannst 03/11/99 í [007], á svæði 3
- F99-014:** Glerbrot. 2 stk. Glær brot, mest 2,1 sm. Fannst 03/11/99 í [007], á svæði 3
- F99-015:** Glerbrot. Hálfur stútur, dökkgrænt gler, mest 3,1 sm. Vínlaska. Fannst 28/10/99 í [007], á svæði 3
- F99-016:** Glerbrot. Ljósgrænt brot, mest 3,2 sm. Fannst 03/11/99 í [007], á svæði 3
- F99-017:** Glerbrot. 7 stk. Glært gler, mest 4,3 sm. Fannst 03/11/99 í [007], á svæði 4
- F99-018:** Glerbrot. Glært gler, mest 2,8 sm. Fannst 03/11/99 í [007], á svæði 4
- F99-019:** Glerbrot. Háls og botnstykki úr sama lyfjaglasinu, glært gler, mest 3,3 sm. Lyfjaglas. Fannst 28/10/99 í [021], á svæði 3
- F99-020:** Glerbrot. Glært brot, mest 3,2 sm. Fannst 28/10/99 í [021], á svæði 3
- F99-021:** Glerbrot. 4 stk. Glært gler, mest 5,6 sm. Fannst 28/10/99 í [021], á svæði 3
- F99-022:** Glerbrot. Brúnt gler, mest 8,8 sm. Fannst 28/10/99 í [021], á svæði 3
- F99-023:** Glerbrot. Botn. Þykkt, glært gler, mest 3,7 sm. Fannst 29/10/99 í [030], á svæði 3
- F99-024:** Glerbrot. Ljósgrænt, þunnt gler, mest 1,8 sm. Fannst 29/10/99: í [031], á svæði 3
- F99-025:** Glerbrot. Dökkgrænt, þykkt gler, mest 2,1 sm. Fannst 29/10/99 í [031], á svæði 3
- F99-026:** Glerbrot. Punnt, glært gler, mest 1,9 sm. Fannst 02/11/99 í [038], á svæði 3
- F99-027:** Glerbrot. 4 stk. Brúnt, þykkt gler, mest 7,0 sm. Fannst 03/11/99 í [039], á svæði 4
- F99-028:** Leirker, 7 belgbrot, hvítur jarðleir, mest 2,9 sm. Fannst 27/10/99 í [002], á svæði 2
- F99-029:** Leirker, belgbrot, postulín, mest 2,4 sm. Fannst 27/10/99 í [002], á svæði 2
- F99-030:** Leirker, 2 barmbrot, óskreytt, hvítur jarðleir, mest 3,7 sm. Fannst 02/11/99 í [002], á svæði 2
- F99-031:** Leirker, belgbrot, blámálað skraut, hvítur jarðleir, mest 1,7 sm. Fannst 02/11/99 í [002], á svæði 2

- F99-032:** Leirker, belgbrot af Westerwald könnu. Ljósgrár leir, málaður með kóbalt-bláu, með upphleyptu skrauti, steinleir, mest 5,0 sm. Frá seinni hluta 17. aldar? Fannst 02/11/99 í [002], á svæði 2
- F99-033:** Leirker, barmbrot með svartri rönd meðfram barmi, hvítur jarðleir, mest 1,6 sm. Fannst 02/11/99 í [002], á svæði 2
- F99-034:** Leirker, barmbrot, hvítur jarðleir, mest 1,5 sm. Fannst í [002], á svæði 1
- F99-035:** Leirker, botnbrot, hvítur jarðleir, blámálað blómaskraut innaní. Sótugt á hlið, mest 5,0 sm. Fannst 02/11/99 í [002], á svæði 2
- F99-036:** Leirker, 2 barmbrot, hvítur jarðleir, mest 2,1 sm. Fannst 02/11/99 í [002], á svæði 2
- F99-037:** Leirker, belgbrot, hvítur jarðleir, mest 1,5 sm. Fannst 02/11/99 í [002], á svæði 2
- F99-038:** Leirker, barmbrot af skál um 14 sm í þvermál, hvítur jarðleir með blámáluðu skrauti, mest 1,9 sm. Fannst í [002], á svæði 1
- F99-039:** Leirker, brot af hvítum jarðleir með brúnu skrauti, mest 2,2 sm. Fannst í [002], á svæði 1
- F99-040:** Leirker, belgbrot, hvítur jarðleir með skrauti í mismunandi litum, mest 1,8 sm. Fannst í [002], á svæði 1
- F99-041:** Leirker, belgbrot, hvítur jarðleir með gulu blaðaskrauti, mest 1,2 sm. Fannst 02/11/99 í [002], á svæði 2
- F99-042:** Leirker, belgbrot, postulín með brúnu skraut, mest 3,8 sm. Hefur lent í eldi. Fannst 02/11/99 í [002], á svæði 2
- F99-043:** Leirker, barmbrot, postulín með gylltri rönd á barmbrún og skrauti, mest 1,3 sm. Sennilega sama og F99-050. Fannst í [002], á svæði 1
- F99-044** Glerbrot, hvítt gler með blárrí rönd, mest 1,8 sm. Fannst í [002], á svæði 1
- F99-045:** Leirker, hankabrot af postulínsbolla með ámálaðri grárri rönd, mest 4,3 sm. Fannst 27/10/99: í [002], á svæði 2
- F99-046:** Leirker, barmbrot, postulín með gylltri rönd á barmbrún, mest 2,4 sm. Bolli eða skál. Fannst 27/10/99 í [002], á svæði 2
- F99-047:** 3 glerbrot, hvítt gler, mest 3,4 sm. Fannst 27/10/99 í [002], á svæði 2
- F99-048:** Leirker, hankabrot, hvítur jarðleir með bláu blómaskrauti, mest 8,2 sm. Kaffikanna? Fannst 26/10/99 í [007], á svæði 1
- F99-049:** Glerbrot, hvítt gler, mest 2,4 sm. Fannst 26/10/99 í [007], á svæði 1
- F99-050:** Leirker, barmbrot, postulín, Báróttur barmur af diskí eða skál um 10 sm í þvermál, með gylltri rönd. Upphleypt skraut, mest 3,6 sm. Fannst 26/10/99 í [007], á svæði 1
- F99-051:** Leirker, belgbrot, hvítur jarðleir með blárrí mjórri rönd, mest 1,9 sm. Fannst 27/10/99 í [007], á svæði 1
- F99-052:** Leirker, belgbrot, hvítur jarðleir, mest 1,3 sm. Fannst 27/10/99 í [007], á svæði 1
- F99-053:** Leirker, 2 barmbrot af skál eða diskí um 15 sm í þvermál, hvítur jarðleir, mest 3,5 sm. Fannst 27/10/99 í [007], á svæði 2
- F99-054:** Leirker, botnbrot af bolla, hvítur jarðleir, fjólublátt blómaskraut á botni innaní, mest 2,9 sm. Fannst 27/10/99 í [007], á svæði 2
- F99-055:** Leirker, barmbrot af skál um 22 sm í þvermál, jarðleir, mest 2,7 sm. Fannst 27/10/99 í [007], á svæði 2
- F99-056:** Leirker, botnbrot af flösku, steinleir með saltglerungi, mest 5,7 sm. Fannst 27/10/99 í [007], á svæði 2
- F99-057:** Leirker, belgbrot, postulín með bleikri og grárri rönd, mest 1,5 sm. Fannst 27/10/99 í [007], á svæði 2

- F99-058:** Leirker, barmbrot, hvítur jarðleir með bláu -j- skrauti og rönd við barmbrún, mest 4,2 sm. Fannst 28/10/99 í [007], á svæði 3
- F99-059:** Leirker, belgbrot, hvítur jarðleir með skrauti, rauðar doppur á milli grænna laufblaða, mest 3,7 sm. Fannst 28/10/99 í [007], á svæði 3
- F99-060:** Leirker, diskbrot með stimpli á botni, hvítur jarðleir, mest 9,3 sm. Fannst 28/10/99 í [007], á svæði 3
- F99-061:** Leirker, belgbrot, hvítur jarðleir, mest 3,2. Fannst 28/10/99 í [007], á svæði 3
- F99-062:** Leirker, belgbrot, hvítur jarðleir með upphleyptu laufblaðaskrauti, mest 2,2 sm. Fannst 28/10/99 í [007], á svæði 3
- F99-063:** Leirker, 3 belgbrot, hvítur jarðleir, mest 2,3 sm. Fannst 28/10/99 í [007], á svæði 3
- F99-064:** 3 glerbrot, hvítt gler, mest 7,0 sm. Fannst 03/11/99 í [007], á svæði 3
- F99-065:** Leirker, 3 diskbrot, hvítur jarðleir, mest 7,7 sm. Fannst 03/11/99 í [007], á svæði 3
- F99-066:** Leirker, barmbrot af skál um 28 sm í þvermál, hvítur jarðleir, mest 8,3 sm. Fannst 03/11/99 í [007], á svæði 3
- F99-067:** Leirker, hankabrot af bolla, hvítur jarðleir með grænu blómaskrauti, mest 5,5 sm. Fannst 03/11/99 í [007], á svæði 3
- F99-068:** Leirker, barmbrot, hvítur jarðleir, skreytt svörtum punktum og doppu, mest 2,4 sm. Fannst 03/11/99 í [007], á svæði 3
- F99-069:** Leirker, belgbrot, hvítur jarðleir, mest 4,5 sm. Fannst 03/11/99 í [007], á svæði 3
- F99-070:** Leirker, 2 barmbrot af staupi um 5 sm í þvermál, hvítur jarðleir, mest 2,4 sm. Fannst 03/11/99 í [007], á svæði 3
- F99-071:** Leirker, 2 belgbrot, hvítur jarðleir, annað brotið er skreytt rauðu blómi, mest 1,3 sm. Fannst 03/11/99 í [007], á svæði 4
- F99-072:** Leirker, Brot úr diskí um 30 sm í þvermál, með bláu blómaskrauti, jarðleir, mest 6,9 sm. Fannst 27/10/99 í [011], á svæði 1
- F99-073:** Leirker, Brot úr súpusdiski um 24 sm í þvermál, skreytt grænum blómum og brúnni barmrönd, jarðleir, mest 9,8 sm. Fannst 28/10/99 í [021], á svæði 3
- F99-074:** 3 glerbrot, hvítt gler, mest 3,5 sm. Fannst 28/10/99 í [021], á svæði 3
- F99-075:** Leirker, 2 barmbrot af skál, skraut á brotum tengist saman; Blá barmrönd m. mjórri brúnni rönd, rauð blóm og græn blöð, hvítur jarðleir, mest 4,5 sm. Fannst 28/10/99 í [021], á svæði 3
- F99-076:** Leirker, barmbrot, hvítur jarðleir, blátt ferkantað skraut um alla hlið brotsins, mest 2,5 sm. Fannst 28/10/99 í [021], á svæði 3
- F99-077:** Leirker, barmbrot af diskí um 15 sm í þvermál, hvítur jarðleir, tvær bláar rendur meðfram barmi, önnur breiðari, mest 3,7 sm. Fannst 28/10/99 í [021], á svæði 3
- F99-078:** Leirker, belgbrot, hvítur jarðleir, mest 4,2 sm. Fannst 28/10/99 í [021], á svæði 3
- F99-079:** Leirker, 2 barmbrot af skál, hvítur jarðleir, mest 2,8 sm. Fannst 28/10/99 í [021], á svæði 3
- F99-080:** Leirker, barmbrot af skál um 12 sm í þvermál, hvítur jarðleir, mest 7,3 sm. Líkt og F99-066. Fannst 28/10/99 í [021], á svæði 3
- F99-081:** Leirker, 2 barmbrot, rauðleir með brúnum glerungi, annað brotið er sótugt, mest 2,3 sm. Fannst 27/10/99 í [018], á svæði 2
- F99-082:** Leirker, snúinn, sótugur hanki, brot, hvítur jarðleir, mest 5,1 sm. Fannst 29/10/99 í [030], á svæði 3

- F99-083:** Leirker, barmbrot af skál, rauðleir, tvær djúpar rákir í barmi, leifar af glerungi, mest 3,7 sm. Fannst 29/10/99 í [030], á svæði 3
- F99-084:** Leirker, barmbrot, hvítur jarðleir með rauðu blómaskrauti, mest 2,0 sm. Fannst 29/10/99 í [031], á svæði 3
- F99-085:** Leirker, belgbrot, hvítur jarðleir með rauðu skrauti, mest 2,9 sm. Fannst 29/10/99 í [031], á svæði 3
- F99-086:** Leirker, belgbrot, hvítur jarðleir. Brotið er skreytt svörtum laufblöðum báðum megin, mest 1,4 sm. Fannst 29/10/99 í [031], á svæði 3
- F99-087:** Leirker, belgbrot, hvítur jarðleir mest 2,7 sm. Fannst 29/10/99 í [031], á svæði 3
- F99-088:** Leirker, belgbrot, hvítur jarðleir með bláu blómaskrauti, mest 1,0 sm. Fannst 29/10/99 í [031], á svæði 3
- F99-089:** Leirker, 2 belgbrot, sótug, hvítur jarðleir, mest 1,7 sm. Fannst 29/10/99 í [031], á svæði 3
- F99-090:** Leirker, 2 belgbrot, hvítur jarðleir , skreytt brúnum, litlum og stórum hringjum báðum megin, mest 2,1 sm. Fannst 02/11/99 í [038], á svæði 3
- F99-091:** Leirker, belgbrot, hvítur jarðleir, mest 2,0 sm. Fannst 02/11/99 í [031], á svæði 3
- F99-092:** Járnnagli. Brotinn í tvennt, mest 2,3 sm. Fannst 02/11/99 í [002], á svæði 2
- F99-093:** Járnbard?, mest 9,8 sm. Fannst í [002], á svæði 1
- F99-094:** Öngull?, tvö brot, mest 14 sm. Fannst 26/10/99 í [007], á svæði 1
- F99-095:** Snúið járn, mest 12 sm. Fannst 26/10/99 í [007], á svæði 1
- F99-096:** Járnnagli, mest 3,8 sm. Fannst 28/10/99 í [007], á svæði 3
- F99-097:** Járnnagli. Brotinn í tvennt, mest 3,3 sm. Fannst 03/11/99 í [007], á svæði 3
- F99-098:** Járnhlutur, mest 3,7 sm. Fannst í [008], á svæði 1
- F99-099:** Járnhlutur. Brotið breitt járband, óvist hvað, mest 12,5 sm. Fannst 02/11/99 á 60 sm dýpi í [033], á svæði 3
- F99-100:** Járnhlutur. Óvist hvað, mest 3,2 sm. Fannst 03/11/99 í [039], á svæði 4
- F99-101:** Múrsteinn. Rauður, brotinn í tvennt, mest 9,5 sm. Fannst 28/10/99 í [007], á svæði 3
- F99-102:** Múrsteinn. Gulur, mest 11 sm. Fannst 28/10/99 í [007], á svæði 3
- F99-103:** Múrsteinn. Gulur, í heilu lagi, mest 22,5 sm. Fannst 28/10/99 í [021], á svæði 3
- F99-104:** 3 múrsteinar, Rauðir, mest 17 sm. Fannst 29/10/99 í [021], á svæði 3
- F99-105:** Krítarpípa. Slétt brot af legg, mest 2,2 sm á lengd, 0,4 sm í þvermál. Fannst 27/10/99 í [002], á svæði 2
- F99-106:** Krítarpípa. Brot af legg með skástriku, mest 3,0 sm á lengd, 0,7 sm í þvermál. Fannst 29/10/99 í [031], á svæði 3
- F99-107:** Brennd bein. Fannst 03/11/99 í [007], á svæði 3
- F99-108:** Sörvistala, ávalur smásteinn, boraður eftir endilöngu, mest 1,2 sm. Fannst 26/10/99 í [007], á svæði 1
- F99-109:** Steinn. Fannst 29/10/99 í [030], á svæði 3
- F99-110:** Sennilega brot úr hverfissteini. Fannst 28/10/99 í [021], á svæði 3
- F99-111:** Fisksleggja. Hálf. Fannst 28/10/99 í [021], á svæði 3
- F99-112:** Fisksleggja. Hálf. Fannst 03/11/99 í [039], á svæði 4
- F99-113:** Dagblaðsslitur. Fannst 02/11/99 í [002], á svæði 2
- F99-114:** Brýni, mest 8,8 sm. Fannst 02/11/99 í [002], á svæði 2
- F99-115:** 4 blýstykkji, mest 6,5 sm. Fannst 02/11/99 í [002], á svæði 2
- F99-116:** Steintittur, mest 2,6 sm. Fannst 26/10/99 í [007], á svæði 1
- F99-117:** Málmhlutur, mest 2,3 sm. Fannst 27/10/99 í [007], á svæði 2

- F99-118:** 2 leðurpjötlur, mest 6,8 sm. Fannst 26/10/99 í [007], á svæði 1
- F99-119:** Korkur með gati í miðju. Netflot?, mest 6,0 sm. Fannst 26/10/99 í [007], á svæði 1
- F99-120:** Korkur, brotinn í tvennt, mest 11 sm. Fannst 27/10/99 í [007], á svæði 1
- F99-121:** Skrúfa úr bronsi, mest 1,5 sm. Fannst 27/10/99 í [007], á svæði 1
- F99-122:** Hnappur úr bronsi, mest 1,7 sm. Fannst 28/10/99 í [007], á svæði 3
- F99-123:** Hnappur úr bronsi, með tauleifum, mest 1,3 sm. Fannst 28/10/99 í [007], á svæði 3
- F99-124:** Spýta, mest 3,1 sm. Fannst 03/11/99 í [007], á svæði 3
- F99-125:** Blýklumpur, mest 7,0 sm. Fannst í [008], á svæði 1
- F99-126:** Húsaviður. Fúin bútur, mest 10 sm. Fannst í [019], á svæði 1
- F99-127:** Hálfur kvenmannsskór með hæl, mest 18 sm. Fannst 28/10/99 í [021], á svæði 3
- F99-128:** 2 leðurólar, mest 6,5 sm. Fannst 29/10/99 í [028] á svæði 1
- F99-129:** Brotinn tréspaði með "X" marki framan á, brotinn í tvennt, mest 15 sm. Fannst 29/10/99 í [030], á svæði 3
- F99-130:** Brúnt ullarband, mest 7,5 sm. Fannst í [002], á svæði 1
- F99-131:** 2 snúin ullarbönd, mest 10 sm. Fannst 29/10/99 í [009], á svæði 2
- F99-132:** Vaðmálspjatla. Aflöng, mest 36 sm. Fannst 29/10/99 á 37 sm. dýpi í [009], á svæði 2
- F99-133:** Vaðmálspjatla. Brún, nokkuð slitin í endana, mest 21 sm. Fannst 26/10/99 í [009], á svæði 1
- F99-134:** Tvö mórauð bönd og 1 dökkbrúnt, mest 9,0 sm. Fannst 26/10/99 í [009], á svæði 1
- F99-135:** Vaðmálspjatla. Nokkuð slitin, með gati. Ljós og dökk, mest 47 sm. Fannst 29/10/99 í [009], á svæði 2
- F99-136:** Þykkt band, mest 28 sm. Fannst 29/10/99 í [009], á svæði 2
- F99-137:** Vaðmálspjatla. Mjög slitin, mest 7,0 sm. Fannst 27/10/99 í [017], á svæði 1
- F99-138:** 3 leðurbútar, illa farnir, mest 6,0 sm. Fannst 27/10/99 í [017], á svæði 1
- F99-139:** Snúið ullarband, mest 22 sm. Fannst á 20 sm. dýpi. í [017], á svæði 2
- F99-140:** Vaðmálspjatla. Aflöng, mest 23 sm. Fannst í [018], á svæði 2
- F99-141:** 6 vaðmálspjötlur. Sennilega leifar af einu stykki, mest 3,5 sm. Fannst í [019], á svæði 1
- F99-142:** 4 þæfðir bandspottar, mest 7,0 sm. Fannst 28/10/99 í [026], á svæði 1
- F99-143:** Vaðmálspjatla. Mjög slitin, mest 10 sm. Fannst 28/10/99 í [026], á svæði 1
- F99-144:** Vaðmálspjatla. Aflöng, mjó, mest 8,5 sm. Fannst 28/10/99 í [026], á svæði 1
- F99-145:** 3 ullarbönd. Langt snúið band og tvö stutt, þunn bönd, mest 40 sm. Fannst 28/10/99 í [026], á svæði 1
- F99-146:** Þurr lítil grastorfa, mest 6,0 sm. Fannst 28/10/99 í [026], á svæði 1
- F99-147:** 3 vaðmálspjötlur. Ein brúnin virðist vera upphafsjaðar á stærstu pjötlunni. Ekki mikið eftir af minni pjötlunum, mest 7,0 sm. Fannst 02/11/99 í [039], á svæði 3
- F99-148:** Vaðmálspjatla. Aflöng, þunn, mest 8,5 sm. Fannst 03/11/99 í [039], á svæði 4
- F99-149:** Ullarband, mest 9,5 sm. Fannst 03/11/99 í [039], á svæði 4
- F99-150:** Kvarnarsteinn. Hálfur. Skilinn eftir í bænum. Fannst 28/10/99 í [007], á svæði 3

Sýnaskrá

- S99-001:** Jarðvegssýni úr [028] á sv. 1
- S99-002:** Jarðvegssýni úr [019] á sv. 1
- S99-003:** Ljós linsa úr [028] á sv. 1
- S99-004:** Viðarsýni úr [028] á sv. 1
- S99-005:** Viðarsýni úr [048] á sv. 4
- S99-006:** Hár úr [009] á sv. 2
- S99-007:** Gjall úr [019] á sv. 1
- S99-008:** Viðarkol úr [019] á sv. 1